

Nd.

237. Breytingartillögur

við frumv. til laga um verðtoll.

Frá skattamálanefndinni.

1. Við 1. gr. 1. mgr. undan orðunum: »verðhæð vörunnar« komi: hreinni, og eftir nefnd orð: í umbúðum.
2. Við sömu gr. 2. mgr. bætist: Svo eru og undanþegin tollinum skip, sem siglt er hingað til lands.
3. Við 2. gr. undan: »verslunarbækur« komi: kaupreikninga og, og eftir: »viðtakandi« komi: á heimili hans eða skrifstofu.
4. Við sömu gr. bætist ný málsgrein:
Skipstjóra er skylt að láta tollheimtumanni í tje staðfest eftirrit af vöru-skrá skipsins og æru- og samviskuvottorð um, að hann hafi ekki meðferðis aðrar vörur en taldar eru á skránni.
5. Við 5. gr. Orðin: »og skal meðal annars er þeir innheimta« falli burt.
6. Eftir 5. gr. komi ný gr., 6. gr.:
Tollheimtumanni bera 3 af hundraði sem innheimtulaun, enda gjaldi hann innheimtumönnum sínum ómakslaun eftir nánari ákvæðum stjórnar-ráðsins.
7. 6. gr. frv. færast aftur fyrir 7. gr. þess og greinatalan breytist að öðru leyti samkvæmt breyt.till.